

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Síldarvinnslan Helguvík Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	23.11.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan Helguvík	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Stakksbraut 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eggert Einarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Sverrisson	<b>Staðsetning</b>	326111,902 396024,62

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti. Skýrsla vegna heildarúttektar á losun mengandi efna í frárennsli fyrirtækisins hefur ekki borist Umhverfisstofnun og undanþága frá kröfum um losun frárennslis í Helgúvíkurhöfn hefur runnið út. Ein athugasemd var gerð.

Minnt er á að frestur til að leggja fram greinargerð vegna ryks í útblæstri rennur út 31. janúar 2017.

### UMFANG EFTIRLITS

#### Dagskrá

- Útafstandandi frá síðasta eftirliti
  - Ryk í útblæstri frá olíubrennara
  - Skráningar á hitastigi og TVN gildi
  - Útstreymisbókhaldi ekki skilað
- Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
  - Áætlanir
  - Tryggingar
  - Mælingar
  - Skráningar
  - Hreinsun í útblæstri
  - Hreinsun í frárennsli
  - Gagnaskil
  - Umhverfismarkmið
  - Kvartanir / mengunaróhöpp
- Skoðun á verksmiðjunni, myndir teknar og kvittun afhent.

#### Dagskrá eftirlitsins var fylgt í meginatriðum. Útafstandandi frá síðasta eftirliti.

1a) Fram kom í eftirliti síðasta árs að niðurstöður mælinga á ryki í útblæstri var yfir tilskyldum mörkum í starfsleyfinu. Varðandi ryk í útblæstri hafa komið fram efasemdir um að mögulegt væri ná þeim mörkum sem starfsleyfið kveður á um þegar svartolíu er brennd og jafnframt var óskað eftir samstarfi við stofnunina við að finna lausn á þessu vandamáli. Nú hefur það gerst að Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda hefur verið veittur frestur til 31. janúar til þess að skila greinargerð um málefni ryks í útblæstri fiskimjölsverksmiðja framlengist frestur SVN í Helgúvík vegna fráviks frá síðasta ári (2015-614) til þess tíma.

1b) Mælingar og skráningar á TVN-gildum og hitastigi eru komnar í gott horf og eru allar mælingar skráðar á þar til gerð eyðublöð hjá rekstraraðila og eftir hverja vertíð er upplýsingum skilað inn til Umhverfisstofnunar þar sem gögnin eru yfirfarin, eru skráð í skjalasafn stofnunarinnar og afrit er sett á heimasíðu stofnunarinnar þar sem almenningur hefur aðgang að upplýsingunum. Þrjár árlegar vertíðir eru hjá Síldarvinnslunni í Helgúvík, loðnuvertíð, makrílvertíð og síldarvertíð.

1c) Rekstraraðili hefur fengið verkfræðistofu til að skoða stöðu verksmiðjunnar gagnvart útstreymisbókhaldi og í ljós hefur komið að losun mengangandi efna frá verksmiðjunni er langt undir þeim mörkum sem tiltekin eru í reglugerð um útstreymisbókhald. Rekstraraðili hefur því verið að skila 0 (núll) skýrslum og mun gera svo á meðan staðan ekki breytist.

#### Nú var farið almennt yfir kröfur í starfsleyfi og stöðu rekstraraðila gagnvart þeim.

2a) Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var endurskoðuð á árinu 2014 og liggur fyrir hjá rekstraraðila. Ákveðið var að rekstraraðili skilaði eintaki af áætluninni til Umhverfisstofnunar eins og tilgreint er í grein 1.5 í starfsleyfi.

Hreinlætisáætlun er í gæðahandbók skoðaðar voru skráningar sem krafist er. Í henni er fjallað um dagleg þrif sem og þrif í lok hverrar vinnslu.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda er í gæðahandbók og hefur nýlega verið uppfærð.

Grænu bókhaldi er skilað sameiginlega með öðrum starfstöðvum Síldarvinnslunnar.

2b) Afhent var afrit af ábyrgðartryggingarskrirteini fyrir verksmiðjuna.

2c) Farið var yfir eftirlitsmælingar. Skoðaðar voru þær mælinganiðurstöður sem borist höfðu. Árlegar mælingar á fitu, svifefnum og COD í frárennsli hafa ekki borist fyrir yfirstandandi ár. Niðurstöður mælinga frá 2015 voru undir þeim losunarmörkum fyrir COD, svifefni og fitu sem sett eru í starfsleyfi.

Eins hefur skýrsla samkvæmt grein 5.2, um heildarlosun á mengandi efnum frá fyrirtækinu ekki borist. En fram kom að mælingar í fráveitu frá 2014 og 2015 á aðskildum vertíðum liggja fyrir en úttektin skal taka til vinnslu á helstu tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Telst þetta því frávík þangað til niðurstöðum þessarar úttektar hefur verið skilað.

2d) Farið var yfir skráningar rekstraraðila. Engar stórvægilegar bilanir hafa orðið í mengunarvarnarbúnaði. Kröfur eru uppi um að eftirlit, viðhald og bilanir í lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli séu skráðar. Eins skal skrá hvenær fitugildra er tæmd, skrá efnanoðkun í fyrirtækinu ásamt magni úrgangs og spilliefna sem verða til við framleiðsluna. Rætt var um skráningar og niðurstaðan var að aðeins mætti herða á skráningum samanber hreinsivökvi (lútur) sem kemur frá Carbon Recycling International (CRI) í Svartsengi.

2e) Unnið hefur verið að breytingum í afsogi verksmiðjunnar og betri stýringu á undirþrýstingi í húsinu sjálfu. Margar kvartanir vegna lyktar hafa borist til Umhverfisstofnunar á árinu. 27. og 28. júlí á góðviðrisdögum bárust tugir kvartana en TVN skráningar frá þeim tíma sýna að TVN-gildi voru undir starfsleyfismörkum á þeim tíma. Rætt var um aðgerðir til varnar lyktarmengun. Enn verður unnið að því að draga úr lykt frá verksmiðjunni og er hér bent á ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi sem kveður á að forðast skuli vinnslu þegar vindátt er að byggð.

2f) Tímabundin undanþága vegna frárennslis frá verksmiðjunni rann út 31. desember 2015. Fráveita verksmiðjunnar uppfyllti ekki kröfu í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og hafði ráðuneytið gefið undanþágu frá þeim ákvæðum. Í viðkomandi málsgrein er gerð krafa um að öllu skólþi sem veitt er til sjávar skuli fara minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrði í 6. og 10. grein reglugerðarinnar uppfyllt. Óheimilt er að leiða skólþ þannig að frárennslisop opnast til hafna. Úrbætur á frárennsli frá verksmiðjunni hafa tafist vegna seinkunnar á hafnarframkvæmdum hjá Reykjaneshöfn. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við tengingu nýrrar frárennslislagnar við frárennsli Síldarvinnslunnar verði lokið í ágúst 2017. Mannvit (fyrir hönd rekstraraðila) sótti 8. október 2015 um framlengingu á undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna þessa. Þar sem undanþágubeiðnin virðist hafa stöðvast í UAR og erindið er enn óafgreitt, þá er hér um frávík frá kröfum að ræða.

### Verksmiðjan skoðuð

Gengið var um verksmiðjuna og skoðaðar hreinsibúnaður í fráveitu og úrbætur í afsogsmálum og aukin stýringu afsogs en vinnsla var ekki í gangi þegar eftirlitið fór fram.

#### Frávík frá

ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi

#### Lýsing á frávíki

Skýrsla um heildarlosun á mengandi efnum frá fyrirtækinu hefur ekki borist. Skilafrestur var til 1. maí 2016.

frá grein 2.16 í starfsleyfi.

Fráveitulagnir uppfylla ekki ákvæði 9. greinar reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Frárennsli opnast út í Helguvíkurböfn.

## ATHUGASEMDIR

Herða má á skráningum efna í rekstrinum sbr. kvittanir vegna lúts frá Carbon Recycling International sem er notaður til þess að hreinsa sjóðara.

## ANNAÐ

Frávik vegna ryks í útblæstri frá síðasta ári hefur nú verið frestað þar sem Félag Íslenskra fiskimjölsframleiðenda hefur verið veittur frestur fyrir hönd allra fiskimjölsverksmiðja til að skila greinargerð um málefni ryks í útblæstri. Minnt er á að frestur til að leggja fram greinargerð vegna ryks í útblæstri rennur út 31. janúar 2017.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2016



---

Gottskálk Friðgeirsson